

LÖG

um sameiginlega umsýslu höfundarréttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi, að undanskildum VII. kafla, gilda um allar sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á Íslandi.

Ákvæði VII. kafla gilda um sameiginlegar umsýslustofnanir með staðfestu á Íslandi sem annast umsýslu höfundarréttinda yfir landamæri vegna netnotkunar á tónverkum.

Viðeigandi ákvæði laga þessara gilda um einingar með staðfestu hér á landi, sem eru beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum sameiginlegrar umsýslustofnunar, að fullu eða að hluta, svo fremi að einingarnar stundi starfsemi sem félli undir ákvæði laga þessara ef umsýslustofnun stundaði hana.

Ákvæði 19. og 21. gr., 1.–3. og 5.–7. tölul. 22. gr., og 36. og 37. gr. gilda um allar sjálfstæðar umsýslueiningar með staðfestu á Íslandi.

Ráðherra getur sett reglur um að sameiginlegar umsýslustofnanir og sjálfstæðar umsýslueiningar, með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem eru virkar á Íslandi, falli að öllu leyti eða að hluta undir ákvæði þessara laga.

Ef sameiginleg umsýslustofnun ákveður í samþykktum sínum að fela félagsaðilum sem eru samtök í fyrirsvari fyrir rétthafa útborgun réttindagreiðslna til rétthafa, sbr. 24. gr., á III. kafla ásamt 4. mgr. 18. gr., 3. mgr. 19. gr. og 36.–37. gr. við um viðkomandi félagsaðila. Félagsaðilar sem eru samtök í fyrirsvari fyrir rétthafa skulu í þessu sambandi tryggja möguleika rétthafa til að taka ákvörðun um hagnýtingu réttindatekna á þeim sviðum sem nefnd eru í 1.–6. tölul 5. mgr. 6. gr.

Efsameiginleg umsýslustofnun ákveður í samþykktum sínum að félagsaðilar sem eru samtök í fyrirsvari fyrir rétthafa skuli taka saman gagnsæisskýrslu, sbr. 24. gr., eiga ákvæði 23. gr. og 36.–37. gr. við um viðkomandi félagsaðila. Slíkir félagsaðilar skulu í þessu sambandi tryggja að rétthafar eigi þess kost að samþykkja gagnsæisskýrslu.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Sameiginleg umsýslustofnun:* Hver sú skipulagsheild sem lögum samkvæmt eða með framsali, leyfi eða öðru samningsbundnu fyrirkomulagi hefur, sem sitt eina eða helsta

